

**Athugasemdir við Frummatsskýrslu vegna Hvammsvirkjunar. Mat á umhverfisáhrifum: Ferðapjónustu og útivist og landslag og ásýnd lands.**

„Niðurstöður greiningar sýna að bein áhrif á landslag verða innan þriggja landslagsheilda, heildar 1, Þjórsár og bakka hennar, heildar 3, Fossness og heildar 6, Þjórsárhrauns og Skarðsfjalls. Innan annarra heilda verða bein áhrif á landslag óveruleg og fremur er um að ræða breytta ásýnd þar sem útsýni er frá sumum aðliggjandi heildum að framkvæmdasvæðinu.“  
(<http://hvammur.landsvirkjun.is/> sótt 06.07.2017).

Í skýrslunni kemur fram að heildarniðurstaða á áhrifum Hvammsvirkjunar á landslag er neikvæð, frá því að vera „óverulega neikvæð til talsvert neikvæð“. Það er því játað að framkvæmdin hafi neikvæð áhrif þó reynt sé að gera lítið úr því. Það er öllum ljóst sem þekkja svæði og hafa kynnt sér áform um Hvammsvirkjun að um algjöra umbreytingu á landslagi allstaðar við ána. Eyjar hyrfu í lónið sem og neðsti hluti Þverár sem breyttist í mórrautt jökullón. Minna rennsli veldur því vatn næði ekki að renna í nema hluta hins breiða farvegjar Þjórsár og Minna-Núpsflúðir yrðu varla lengur flúðir með sín fallegu þurrkhljóð (gömul alþýðuvísindi segja að þegar heyrst í Minna-Núpsflúðum í Geldingaholti veit það á þurrk og þetta er enn brúkað). Þessar breytinga á stórfljótinu Þjórsá eru mjög sýnilegar þegar ekið er eftir þjóðvegi 32 um Gnúpverjahrepp, frá Skaftholti og upp fyrir Gaukshöfða. Að sjálfsgöðu ber minna á landslagsbreytingum þar sem ekki sér til árinna.

Þar sem rennslið minnkar þarf að girða fjárheldri girðingu meðfram Þjórsá á til að halda búfé réttu megin árinna. Sú girðin er breyting á ásjón landsins og bætir enn við manngerða ásýnd á svæðinu. Benda má á að þegar gengið er með bökkum Þjórsár frá stað á móts við norðurenda Viðeyjar og niður að Þjórsárholti, er maður í einstökum friði og fátt um mannvirki nema lítill sumarbústaður og gamlar fjárhústóftir.

Mótvægisáðgerðir eru áætlaðar til að bæta fyrir skemmdir á landslagi. Framkvæmdir munu eyðileggja náttúrulegt landslag og ætla framkvæmdaaðili að skapa nýtt manngert í staðinn. Það er blekking því það kemur ekkert í staðinn fyrir það sem er eyðilagt. Umbreytingin er óafturkræf. Á bls. 7 er sagt að einn liður í mótvægisáðgerðum Landsvirkjunar vegna framkvæmdarinnar sé endurheimt vorlendis í Skálholti. Þetta hefur aldrei komið fram í samningi Landsvirkjunar við Þjóðrkirkjuna og er ekki liður í þeim samningi.

Sú könnun á afstöðu íbúa til Hvammsvirkjunar sem vitað er í í skýrslunni vekur spurningar um framkvæmd hennar. Svo virðist sem ekki hafi verið tekið vísindalegt úrtak heldur réð tilviljun hverjir fengu spurningalista, eða eins og orðað er í skýrslunni (bls. 56) : „Starfsfólk RRF fór með spurningalista á nær öll heimili og marga bústaði nærri Þjórsá vorið 2016, og áttu allir 18 ára og eldri kost á að taka þátt [18].“

Veit ég til þess að sumir átti í erfiðleikum með að koma spurningalistanum til baka til RRF. Spurningar voru undarlegar.

Virðingarfyllst,

Sigprúður Jónsdóttir kt. 1705625859

Axel Árnason Njarðvík kt. 0205614914